

BORGARRÁÐ 12.FEBRÚAR 2026: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kaup á niðurstöðum þjónustukönnunar Gallup - MSS26020065

Borgarráð samþykkir að kaupa niðurstöðu þjónustukönnunar Gallup fyrir Reykjavík en niðurstöður lágu fyrir á dögnum. Þjónustukönnun Gallup fyrir sveitarfélögin endurspeglar viðhorf og ánægju íbúa með þjónustu og störf síns sveitarfélags. Könnunin er framkvæmd árlega og er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem ekki kaupir niðurstöðuna. Er niðurstaðan mikilvægt mælitæki fyrir starfsemi borgarinnar og gefur til kynna hvaða þættir í þjónustu borgarinnar þarfnast úrbóta að mati borgarbúa.